

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 232/1981.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. febrúar 1987.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.**

## 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýs lánaflokks vegna breytinga á lánum fiskvinnslunnar úr sjóðnum í ný lán (skuldbreytingarlán).

## 2. gr.

Fiskverkendur skulu eiga þess kost að breyta stofnlánum sínum úr Fiskveiðasjóði, hvort sem þau eru í skilum eða vanskilum í ný lán.

Fiskveiðasjóður ákveður endanlega fjárhæð og endurgreiðslu hvers skuldbreytingarláns og tekur þá m.a. tillit til reiknaðrar greiðslubyrði frá árslokum 1985 til afgreiðslu skuldbreytingarláns.

Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni er að ljóst sé, að viðkomandi fiskvinnslufyrirtæki verði í edlilegum rekstri, og að það geti staðið að mati sjóðsins í skilum með greiðslur af öllum lánum sínum úr sjóðnum.

## 3. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma skuldbreytingarlánanna og skal miðað við að hann verði 3—7 árum lengri en veginn meðallánstími þeirra lána úr Fiskveiðasjóði Íslands sem breytt er. Við ákvörðun lánstíma skal einnig tekið mið af upphaflegum lánstíma viðkomandi stofnlána.

## 4. gr.

Lánin verði að hálfu í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands og að hálfu háð lánskjaravísitölu þeirri, er Seðlabankinn skráir, sbr. 39. gr. laga nr. 13, 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o.fl., með breytilegum vöxtum og reiknast vextir af þeim frá 1. janúar 1987.

Gjalddagar lánanna verði 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftir á.

Lánin skulu tryggð með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð, sem að mati sjóðsins telst fullnægjandi.

## 5. gr.

Fiskvinnslufyrirtæki á þess kost að taka alla þá skuldbreytingu sem býðst eða enga.

## 6. gr.

Stofnlán skv. 2. gr. skulu skilgreind þannig að undir hugtakið falli öll lán sjóðsins sem tryggð eru með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð nema:

1. Lán úr hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.
2. Skuldbreytingarlán frá 1975—1976 og 1985.
3. Lán endanlega afgreidd eftir 31. desember 1986.

## 7. gr.

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 30. júní 1987.

## 8. gr.

Að öðru leyti skulu um lán þessi gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. febrúar 1987.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

**um niðurfellingu á reglugerðum nr. 164 frá 13. apríl 1978 og nr. 218 frá 8. júní 1978 og nr. 336 frá 22. september 1978.**

## 1. gr.

Fé það sem Fiskveiðasjóður Íslands hefur innheimt og sem sjóðurinn innheimtir af hagræðingarlánnum skv. ákvæðum reglugerða nr. 164 frá 1978, nr. 218 frá 1978 og nr. 336 frá 1978 skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.

## 2. gr.

Að öðru leyti skulu um fé þetta gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 með síðari breytingum og reglugerða sem settar eru skv. þeim lögum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978, 5. gr. laga nr. 97/1972, g-lið 9. gr. laga nr. 106/1974, j-lið 1. gr. laga nr. 55/1975 og 22/1979, sbr. bráðabirgðalög nr. 95/1978, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 164 frá 13. apríl 1978 og nr. 218 frá 8. júní 1978 og nr. 336 frá 22. september 1978.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. febrúar 1987.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Jón B. Jónasson.*